

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar vegna stækkunar miðsvæðis M12, Aðaltorgs.

Skipulagsstofnun staðfesti 10. júní 2025 breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 sem samþykkt var í bæjarstjórn 15. apríl 2025.

Í breytingunni felst stækkun miðsvæðis M12 við Aðaltorg um 4,25 ha með auknum heimildum. Nýtingarhlutfall fer úr 0,2 í 0,6 með auknu byggingarmagni í allt að 100.000 m<sup>2</sup> fyrir 450 íbúðir. Þar af verða 138 þjónustu- og öryggisíbúðir fyrir eldri borgara.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 10. júní 2025.*

**Ólafur Árnason.**

---

B deild - Útgáfudagur: 25. júní 2025